

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1992

12. ágúst 1992

617

Nr. 297

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Sporðagrunni.

1. gr.

Frá og með 16. ágúst 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°50'N – 19°30'V
2. 66°40'N – 19°30'V
3. 66°36'N – 20°10'V
4. 66°43'N – 20°08'V
5. 66°50'N – 19°50'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1992.

Borsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

10. ágúst 1992

Nr. 298

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1992 til 31. ágúst 1993, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða þ.m.t. l. nr. 65/1992 um Hagræðingarsjóð.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 skal greiða fast gjald 11 900 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 88 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni eða er fengið af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs skal þó aldrei vera lægra en 2000 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 11 900 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.15, ufsi 0.54, karfi 0.41, grálúða 0.70, skarkoli 0.72, rækja 0.95, humar 11.70, hörpudiskur 0.39, síld 0.09, loðna 0.05.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda. Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þó veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis og Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum sbr. lög nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá 1. september 1992 reglugerð nr. 377/1991.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Strandagrunni.

1. gr.

Frá og með 15. ágúst 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°01'N – 22°12'30"V
2. 67°06'60"N – 22°18'V
3. 67°09'N – 20°48'V
4. 67°01'N – 20°48'V
5. 66°55'N – 21°51'V
6. 66°47'N – 21°51'V
7. 66°47'N – 22°25'V
8. 67°00'25"N – 22°25'V